

## 4. gr.

Ef leyfishafi brýtur gegn ákvæðum samþykktar þessarar eða öðrum reglum, sem um hundahald gilda, getur sveitarstjórn afturkallað leyfið.

Einnig getur sveitarstjórn afturkallað öll leyfi til hundahalds telji hún þess brýna þörf.

## 5. gr.

Eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar er í höndum Ölfushrepps og heilbrigðisnefndar. Sveitarstjórn getur að höfðu samráði við heilbrigðisnefnd sett reglur um nánari framkvæmd samþykktar þessarar.

## 6. gr.

Hættulega hunda, óleyfilega hunda, sem ganga lausir utanhúss skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu.

Kostnaður vegna töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað.

Aðra hunda er heimilt að afhenda, ef leyfi er framvísað innan 2ja daga frá því að hundurinn var handsamaður, enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað.

## 7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða varðhaldi. Með brot vegna samþykktar þessarar skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1981.

## 8. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Ölfushrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Ölfushreppi frá 15. maí 1975.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. maí 1987.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Siglufirði.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Siglufjarðar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með sett eftirfarandi regla um umferð í Siglufirði:

Umferð vörubifreiða og vinnuvéla um Hafnargötu er bönnuð, nema um framkvæmdir við götuna sé að ræða.

Auglýsingin tekur gildi við birtingu.

*Lögreglustjórnin í Siglufirði, 20. maí 1987.*

**Erlingur Óskarsson.**